

Til miðstjórnar A.S.I.

Starfshópur um dagvistunarmál, sem stofnaður var á ráðstefnu um kjör láglaunakvenna 16. maí 1976, hefur sent stjórnunum allra aðildarfélaga innan A.S.I. meðfylgjandi bréf.

Við viljum vekja athygli miðstjórnar A.S.I. á efni þessa bréfs, sem fjallar um eitt af brýnustu hagsmunamálum íslenskra alþýðuheimila.

I bréfinu stendur m.a.:

"Ráðstefnan fordæmið pá breytingu, sem gerð var á lögum um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarstofnana, að fell a niður hlutdeild ríkissjóða í rekstrarkostnaði stofnanna og telur það stórt skref aftur á bak. Ráðstefnan telur, að varanleg lausn á uppbyggingu ~~negilega~~ margra dagvistunarstofnana fáist ekki nema ríki og sveitarfélög stofni þau og reki eins og aðrar uppeldisstofnanir og skóla þ ófélagsins, svo öll börn geti átt aðgang að þeim. Ennfremur telur ráðstefnan æskilegt, að ^tséttarfélögin beiti sér fyrir því, að tekið verði inn í kjarasamninga þeirra, að atvinnurekendur greiði ákveðið gjald í byggingarsjóð dagvistunarstofnana til að flýta fyrir framkvæmdum."

Starfshópurinn vill leggja áherslu á það, að eðlilegra er að dagvistunarstofnanir séu byggðar í íbúðarhverfunum fremur en við einstaka vinnustaði.

Starfshópurinn vill minna á það, að dagvistunarmálin eru engin sérstök "kvennamál", heldur mál sem snerta jafnt feður og reyndar þjóðina alla. En fyrst og fremst er um að ræða hagsmunamál barnanna.

Uppbygging dagvistunarstofnana hér á landi hefur gengið alltof hægt og nú er svo komið að neyðar stand ríkir í dagvistunarmálum um nær allt land. Ekki er unnt að sega fyrir um hverjar afleiðingar núverandi ástand kann að hafa fyrir uppvaxandi kynslóð í landinu, en það hlýtur að vera óli hugsandi fólk áhyggjuefni.

Börnin eru oft í reyðuleysi meðan báðir foreldrar eru að afla fjölskyldunni lífsviðurværis, því að engum alþýðuheimilum nægja nú laun eins manns. Um 60% giftra kvenna á Íslandi vinna nú utan heimilis og hefur fjöldi þeirra aukist ört á síðustu árum. Allt bendir til þess, að svo til öll heimili í péttbýli muni þurfa á þjónustu dagvistunarheimila að halda. Borgarfjölskylda getur ekki ein séð um uppeldi og félagsmótun barnanna.

Með breytingum á lögum um Dagvistunarheimili nr. 29 frá 1973, þegar felldur var niður styrkur ríkisins til reksturs dagvistunarheimila, hefur þessi málaflokkur misst þann forgang sem hann hafði.

Framlag ríkisins til byggingar Dagvistunarheimila fyrir yfirstandandi ár var aðeins 68,4 milljónir króna og nægði þau engan veginn fyrir byggingu þeirra heimila, sem þá þegar höfðu sótt um styrk, enda voru 10 heimili tekin úr fjárlögum í ár. Arið 1975 voru 39 heimili komin á fjárlög, en 1976 voru þau aðeins 28. (Einn aðili dró umsókn sína til baka.) Það er því ljóst að hér hefur verið stigið stórt skref aftur á bak. Ekki síst er ástandið alvarlegt úti á landsbyggðinni. Nú þegar hafa 8 ný heimili úti á landi sótt um týrk. Auk þess þarf að taka þessi 10, sem sett voru út í fyrra aftur inn í fjárlög. Þetta eru samtals 18 heimili.

Til að veita öllum þessum aðilum það sem þeim ber og að ljúka við þau heimili, sem ekki eru fullkláruð, þarf samkvæmt útreikningum menntamálaráðuneytisins að gera ráð fyrir 230 milljón krónum á næstu fjárlögum.

I nýútkomnu fjárlagafrumvarpi eru aftur á móti ætlaðar 85 milljónir króna til dagvistunarheimila.

Verið er að vinna að allsherjarkönnun á þörf fyrir dagvistunarstofnanir á öllu landinu, svo ekki er unnt að gefa tæmandi upplýsi gar að svo komnu máli.

Biðtími eftir plássi í leikskólum og dagheimilum er frá hálfu ári upp í 3 ár. Það segir þó ekki alla söguna því

fjölmargir foreldrar telja þýðingarlaust að láta skrá börn sín á pessa löngu lista þótt þörfin sé brýn.

I Reykjavík eru nú um 1043 börn á biðlista eftir leik-skólaplássi og liðlega 400 börn bíða eftir dagheimilispláSSI og eru það eingöngu börn svokallaðra forgangshópa, þ.e. ein-stæðra foreldra og námsmanna. Langverst er ástandið í Breið-holti og vesturbænum.

Af framsögðu má ljóst vera að það er brýn þörf á því að finna öruggari fjárhágsgrundvöll fyrir uppbyggingu og rekstri dagvistunarstofnana en nú er.

Það er einlæg von okkar að miostjórn A.S.I. beiti sér fyrir því að unnið verði að úrbótum á dagvistunarmálum á næsta Alþýðusambandspingi og í komandi kjarasamningum.

Reykjavík, 13. október 1976.

Starfshópur um dagvistunarmál